

Eysteinn Tryggvason 1924–2021

Minning

<https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.139>

Eysteinn Tryggvason jarðeðlisfræðingur lést 11. janúar 2021, í hárrí elli. Hann fæddist á Litlulaugum í Reykjadal 19. júlí 1924 og ólst þar upp í stórum systkinahópi. Foreldrar hans voru Tryggvi Sigtryggsson og Unnur Sigurjónsdóttir. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1946 og fór til náms í veðurfræði og skyldum greinum við Oslóarháskóla 1946. Þaðan lauk hann cand. real. prófi 1951. Ekki átti það þó fyrir honum að liggja að starfa við veðurfræði, því að námi loknu varð það verkefni hans að sjá um jarðskjálftamælingar Veðurstofu Íslands. Það olli straumhvörfum á ferli hans að ráðning hans á Veðurstofunni dróst um hálf ár vegna kröftugra mótmæla Bandarískra stjórnvalda að hann fengi að starfa við veðurfræði á Keflavíkurflugvelli. Á þessum tíma var Veðurstofan að taka yfir veðurfræðilega þjónustu við millilandaflug frá Keflavík. Hann varð deildarstjóri jarðeðlisfræðideildar VÍ 1952–1962 og sá m.a. um bókasafn stofnunarinnar. Á þessum árum urðu nokkur þáttaskil í starfinu, mælitæknin tók framförum og Veðurstofan tók upp nokkur samvinnuverkefni við erlendar stofnanir, meðal annars við Háskólann í Uppsölum. Þetta varð til þess að Eysteinn fór þangað til framhaldsnáms í jarðeðlisfræði. Eysteinn lauk þar fil. lic.-gráðu 1961. Að námi loknu fluttist hann til Oklahoma og gerðist prófessor í jarðeðlisfræði við Háskólann í Tulsa. Þar starfaði hann í 13 ár við kennslu og rannsóknir. Ísland togaði þó alltaf í hann, og talsverður hluti rannsókna hans beindist að ferlum í jarðskorpunni hér á landi. Þegar svo starfsemi á þessu sviði við Háskóla Íslands óx fiskur um hrygg, sótti hann um dósentsstöðu og starfaði við Verkfræði- og raunvísindadeild 1975–1977. Þá var starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar komin á fastan grundvöll, og færði Eysteinn sig yfir á þá stofnun. Þar var hann sérfræðingur í jarðeðlisfræði þar til hann fór á eftirlaun 1994.

Eysteinn var mikill fjölskyldumaður. Kona hans var Guðný Jónsdóttir (1929–2013), ljósmóðir og verslunarmaður, og áttu þau þrjú börn, Þröst, Kristinn og Guðrúnu. Afkomendurnir eru orðnir nú.

Eftir starfslokin flutti Eysteinn á æskulóðir á Húsavík og sinnti þar hugðarefnum sínum, sérstaklega skógrækt, til æviloka. Hann var þar einnig virkur í félagsmálum, var m.a. umdæmisstjóri Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi um skeið.

Rannsóknaferrill

Eysteinn var ötull og afkastamikill vísindamaður allan sinn starfsferil. Eftir hann liggja fjölmargar greinar í virtustu vísindatímaritum. Hann lagði sig líka fram um að miðla niðurstöðunum til almennings með greinum í blöð og tímarit. Hann tók viðfangsefni sín alltaf föstum tókum og var bæði hugmyndaríkur, vinnusamur og nákvæmur í vinnubrögðum. Hann var áráðinn í túlkun sinni á mælinganiðurstöðum, stundum svo að öðrum var um og ó. Þar hafði hann samt oft en ekki rétt fyrir sér og naut þá innsæis síns, umfangsmikillar þekkingar og skarps skilnings. Hann var brautryðjandi á furðulega mörgum sviðum jarðeðlisfræðinnar, stundum jafnvel svolftið á undan sinni samtíð. Í stuttu máli má nefna notkun á yfirborðsbylgjum til að ákvarða eiginleika og þykkt jarðskorpunnar, mælingar á seinkun P-bylgja undir Íslandi, sem nú á dögum er kennd við möttulstrók undir landinu, og notkun á hallamælingum til að fylgjast með ástandi virkra eldstöðva. Enn eru gerðar reglubundnar mælingar á sumum mælistöðunum sem Eysteinn setti upp fyrir meira en hálfri öld. Það var gæfa Norrænu eldfjallastöðvarinnar og arftaka hennar, Jarðvísindastofnunar Háskólans, að fá Eysteinn til starfa á upphafsárum sínum, fyrstan jarðeðlisfræðinga. Rannsóknarsviðið sem hann lagði grunn að hefur blómstrað og borið ríkulegan ávöxt.